

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum

Árshlutareikningur

1/1-30/6 2007

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum
Iðavöllum
230 Reykjanesbær
kt. 640479-0279

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum

Árshlutareikningur

1/1-30/6 2007

Efnisyfirlit

Könnunaráritun óháðs endurskoðenda	2
Skýrsla stjórnar	3
Tekju- og gjaldareikningur	4
Efnahagsreikningur	5-6
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Skýringar	8-13

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og eignaraðila Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Við höfum kannað meðfylgjandi árs hlutareikning Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2007. Árs hlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Stjórnendur félagsins eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu árs hlutareikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árs hlutareikninginn og er byggð á könnuninni.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árs hlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit um endurskoðun.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að árs hlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á tímabilinu, efnahag þess 30. júní 2007 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjanesbær, 29. ágúst 2007

Deloitte hf.


Anna Birgitta Geirfinnsdóttir
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum er fyrirtæki í eigu sveitarfélaganna á Suðurnesjum og hlutverk þess er að annast ýmis sameiginleg verkefni fyrir þau. Stærri verkefni eru fjármögnuð með lántöku og endurgreiða sveitarfélögin þau eftir því sem afborganir og vextir af lánsfjármögnun falla til.

Á tímabilinu störfuðu að meðaltali 5 starfsmenn hjá sambandinu miðað við heilsársstörf við starfsemi þess og tengdra fyrirtækja en hluti launakostnaðar er síðan gjaldfærður hjá Sorpeyðingarstöð Suðurnesja. Laun og launatengd gjöld færð á rekstur sambandsins á tímabilinu námu samtals 7,4 milljónum króna. Hagnaður tímabilsins nam um 2,6 milljónum króna og eigið fé í lok júní nam um 40,2 milljónum króna.

Stjórn og framkvæmdarstjóri Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum staðfesta hér með árshlutareikning sambandsins fyrir tímabilið 1/1 - 30/6 2007 með undirritun sinni.

Reykjanesbær, 29. ágúst 2007

Í stjórn



Steinþór Jónsson
stjórnarformaður



Oddný Harðardóttir



Jóna Kristín Þorvaldsdóttir



Óskar Gunnarsson



Birgir Örn Ólafsson

Framkvæmdastjóri



Guðjón Guðmundsson

Tekju og gjaldareikningur 1. janúar - 30. júní 2007

	Skýr.	1/1-30/6 2007	1/1-30/6 2006
Tekjur			
Rekstrartekjur		7.596.005	7.702.994
Aðrar tekjur		304.514	308.804
		<u>7.900.519</u>	<u>8.011.798</u>
Gjöld			
Laun og tengd gjöld	3	7.416.292	6.035.336
Önnur rekstrargjöld		4.465.347	4.571.630
Þátttaka heilbrigðiseftirlits, brunavarna og almannavarna í stjórnunarkostnaði		(3.379.998)	(3.119.490)
		<u>8.501.641</u>	<u>7.487.476</u>
Rekstrarhagnaður		(601.122)	524.322
Fjármunatekjur	4	3.938.115	2.784.350
Fjármagnsgjöld	5	(680.110)	(941.815)
Tekjuafgangur tímabilsins		<u>2.656.883</u>	<u>2.366.857</u>

Efnahagsreikningur

Eignir	Skýr.	30.06.2007	31.12.2006
Fastafjármunir			
Fyrirframgreiddur kostnaður	6	2.406.913	2.271.984
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	8	318.663.575	355.718.833
		<u>321.070.488</u>	<u>357.990.817</u>
Veltufjármunir			
Óútskuluð verkefni		39.344.016	26.741.491
Viðskiptakröfur	9	37.204.336	25.716.118
Skammtímalán til Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja		0	51.209.481
Aðrar skammtímakröfur	9	1.732.433	3.097.989
Næsta árs afborgun langtímakostnaðar	6	1.845.527	1.803.520
Næsta árs afborgun vegna Sjúkrahús, D-álma	7	5.281.450	8.000.000
Næsta árs afborganir vegna Fjölbrautaskóla Suðurnesja	8	26.050.000	82.500.000
Handbært fé	9	103.159.366	12.703.415
		<u>214.617.128</u>	<u>211.772.014</u>
Eignir		<u>535.687.616</u>	<u>569.762.831</u>

30. júní 2007

Eigið fé og skuldir	Skýr.	30.06.2007	31.12.2006
Eigið fé	10		
Óráðstafað eigið fé		40.177.097	37.520.214
Eigið fé		<u>40.177.097</u>	<u>37.520.214</u>
Langtímaskuldir og skuldbindingar			
Skuldabréf með ábyrgð sveitarfélaga	11	380.737.274	391.915.596
		<u>380.737.274</u>	<u>391.915.596</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir	12	4.759.688	8.435.472
Næsta árs afborganir langtímaskulda	12	61.163.154	79.456.050
Fyrirframútskuldun verkefni		29.240.247	37.394.625
Aðrar skammtímaskuldir	12	19.610.156	15.040.875
		<u>114.773.245</u>	<u>140.327.021</u>
Skuldir		<u>495.510.519</u>	<u>532.242.617</u>
Eigið fé og skuldir		<u>535.687.616</u>	<u>569.762.831</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 1/1-30/6 2007

	Skýr. 1/1-30/6 2007	1/1-30/6 2006
Rekstrarhreyfingar		
Tekjuafgangur ársins	2.656.883	2.366.857
Verðbætur langtímalána	1.526.807	3.732.342
Veltufé frá rekstri	<u>4.183.690</u>	<u>6.099.199</u>
Aðrar rekstrartengdar eignir (hækkun) lækkun	(10.122.662)	11.916.752
Rekstrartengdar skuldir hækkun (lækkun)	893.499	(5.506.164)
Handbært fé frá (til) rekstri	<u>(5.045.473)</u>	<u>12.509.787</u>
Fjárfestingahreyfingar		
Útlagður kostnaður vegna langtímaverkefna	(11.564.981)	(14.532.871)
Skammtímaverkefni (hækkun) / lækkun	(20.756.903)	(21.788.748)
Afborganir langtímaverkefna	116.445.153	109.239.699
Skammtímalán til Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja, hækkun	51.209.481	(19.454.079)
	<u>135.332.750</u>	<u>53.464.001</u>
Fjármögnunarhreyfingar		
Afborganir langtímaskulda	(39.831.326)	(43.884.738)
	<u>(39.831.326)</u>	<u>(43.884.738)</u>
Hækkun (lækkun) handbærs fjár	90.455.951	22.089.050
Handbært fé í upphafi árs	12.703.415	7.174.939
Handbært fé í lok árs	<u>103.159.366</u>	<u>29.263.989</u>

Skýringar

1. Starfsemi

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum er samband sem var stofnað af sveitarfélögum á Suðurnesjum, Sveitarfélaginu Garði, Grindavíkurbæ, Reykjanesbæ, Sandgerðisbær og Sveitarfélaginu Vogum.

Tilgangur sambandsins er að vinna að hagsmunamálum sveitarfélaganna og efla og styrkja samstarf þeirra. Í sameiginlegum málum komi það fram fyrir hönd sveitarfélaganna gagnvart ríkisvaldinu og öðrum. Kostnaður við rekstur sambandsins skal greiddur miðað við höfðatölu 1. desember ár hvert.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Árshlutareikningur Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum fyrir tímabilið 1/1 - 30/6 2007 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Árshlutareikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Niðurstaða af verkefnum sem sambandið rekur fyrir eigin reikning samkvæmt fjárhagsáætlun er færð árlega yfir rekstrarreikning. Önnur verkefni, sem hljóta sérstakar fjárveitingar, eru ekki færð yfir rekstrarreikning fyrr en þeim er lokið.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

Áhættustjórnun

Almenn stefna félagsins er að takmarka gjaldeyris- og vaxtaáhættu.

Skráning tekna

Tekjur eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningstímabils. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

Fjármagnskostnaður

Fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til. Fjármagnskostnaður sem tilheyrir ákveðnum verkefnum er eignfærður og kemur ekki nálægt rekstrarreikningi sambandsins fyrr en verkefninu er lokið.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast ef kröfur reynast ekki innheimtanlegar.

Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð yfir rekstrarreikning á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til gjalda á lántökuári. Ef lánin tilheyra verkefnum sem haldið er utan við rekstur sambandsins þá er vaxta- og lántökukostnaður eignfærður.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

Skýringar

3. Launamál

	<u>1/1-30/6 2007</u>	<u>1/1-30/6 2006</u>
Laun	11.774.628	9.901.132
Launatengd gjöld	2.611.307	1.862.713
Þátttaka annarra í launakostnaði	(6.969.643)	(5.728.509)
	<u>7.416.292</u>	<u>6.035.336</u>

4. Fjármunatekjur

	<u>1/1-30/6 2007</u>	<u>1/1-30/6 2006</u>
Vaxtatekjur af bankareikningum	2.306.955	0
Aðrar vaxtatekjur	1.631.160	2.784.350
	<u>3.938.115</u>	<u>2.784.350</u>

5. Fjármagnsgjöld

	<u>1/1-30/6 2007</u>	<u>1/1-30/6 2006</u>
Önnur vaxtagjöld	(3.523.366)	(2.730.678)
Vaxtagjöld millifærð á önnur verkefni	2.843.256	1.788.863
	<u>(680.110)</u>	<u>(941.815)</u>

6. Langtímakröfur- Fyrirframgreiddur kostnaður

Sambandið og fyrirtæki þess hafa lagt út fyrir kostnaði við að innrétta og endurbæta skrifstofuáðstöðu að Fitjum fyrir starfsemi sína. Samkomulag er við eigendur hússins um að þessi kostnaður gangi upp í húsaleigu á næstu 1,75 árum. Þrátt fyrir að sambandið hafi flutt aðsetur sitt þá er samningurinn enn í gildi við Reykjanesbæ sem var eigandi hússins og núverandi leigusali. Eftirstöðvar útlagðs kostnaðar í lok tímabilsins nema samtals 4,3 milljónum króna og er hann færður meðal fastafjármuna og veltufjármuna þannig:

Kostnaður við innréttingar og endurbætur	4.252.441
Næsta árs afborgun og áfallnir vextir.....	<u>(1.845.527)</u>
Fært meðal fastafjármuna.....	<u>2.406.914</u>

Skýringar

7. Langtímakröfur - Sjúkrahús, D-álma

Sambandið hefur haft umsjón með framkvæmdum við D-álmu sjúkrahúss Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja og annast fjármögnun þeirra. Áformað er að ljúka endurgreiðslu framkvæmdanna á árinu 2008. Framkvæmdakostnaðar greinist þannig:

Staða í ársbyrjun	8.000.000
Innheimt af sveitarfélögum	(2.999.995)
Vextir af lánsfjármögnun á árinu	281.445
	<u>5.281.450</u>
Næsta árs afborganir.....	(5.281.450)
Fært meðal fastafjármuna.....	<u>0</u>

8. Langtímakröfur - Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Á árinu 2003 gaf sambandið út og seldi skuldabréf að nafnverði 500 milljónir króna og eru þau skráð í Kauphöll Íslands. Skuldabréfin eru verðtryggð, bera 5% fasta vexti og ávöxtunarkrafan er 5%. Tilgangur útgáfunnar er að fjármagna viðbyggingu Fjölbrautaskóla Suðurnesja og er skuldabréfalánið með ábyrgð sveitarfélaganna sem standa að Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum. Fyrsti gjalddagi bréfanna var 1. desember 2003, en þau greiðast með 30 afborgunum á þriggja mánaða fresti. Skuldin er færð meðal langtímaskulda og endurkrafan meðal fastafjármuna í efnahagsreikningi sambandsins ásamt áföllnum verðbótum og vöxtum til loka júní og greinist þannig:

Staða í ársbyrjun	438.218.833
Greiðslur frá sveitarfélögum og ríkissjóði	(113.445.153)
Vextir og verðbætur	19.939.895
	<u>344.713.575</u>
Næsta árs afborganir.....	(26.050.000)
Fært meðal fastafjármuna.....	<u>318.663.575</u>

9. Aðrar peningalegar eignir

Viðskiptakröfur

	30.06.2007	31.12.2006
Innlendar viðskiptakröfur	41.980.259	30.040.490
Niðurfærsla heilbrigðiseftirlits gjalda	(3.449.006)	(2.997.455)
Niðurfærsla viðskiptakrafna	<u>(1.326.917)</u>	<u>(1.326.917)</u>
	<u>37.204.336</u>	<u>25.716.118</u>

Skammtímakröfur eru færðar niður um 4,8 milljónir króna í efnahagsreikningi. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur, sem mæta skal þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá viðskiptakröfum í efnahagsreikningi. Heilbrigðiseftirlitsgjöld, sem eru á vegum Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja, eru færð niður um 3,5 milljónir króna en rúmar 1,3 milljónir króna eru vegna annara krafna. Breyting niðurfærslu skammtímakrafna á tímabilinu greinist þannig:

Niðurfærsla í ársbyrjun.....	4.324.372
Tapaðar kröfur á tímabilinu	0
Gjaldfærð niðurfærsla á tímabilinu	451.551
	<u>4.775.923</u>

Skýringar

9. Aðrar peningalegar eignir (framhald)

Aðrar skammtímakröfur

	30.06.2007	31.12.2006
Virðisaukaskattur	1.227.198	2.502.547
Fyrirframgreiddur kostnaður	0	595.442
Fyrirframgreidd laun	505.235	0
	<u>1.732.433</u>	<u>3.097.989</u>

Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

	30.06.2007	31.12.2006
Sjóður	5.000	5.000
Bankainnstæður í íslenskum krónum	103.154.366	12.698.415
	<u>103.159.366</u>	<u>12.703.415</u>

10. Eigið fé

	Óráðstafað eigið fé
Eigið fé 1.1.2007	37.520.214
Tekjuafgangur ársins	2.656.883
Eigið fé 30.06.2007	<u>40.177.097</u>

11. Langtímaskuldir

Á árinu 2003 var haldið opið skuldabréfaútbod að fjárhæð 500 milljónir króna fyrir sambandið, en skuldabréfin voru boðin til sölu á markaði og skráð í Kauphöll Íslands. Láninu er ætlað að fjármagna viðbyggingu Fjölbrautaskóla Suðurnesja og voru efirstöðvar lánsins með verðbótum í lok júní 2007 380,8 milljónir króna. Skuldabréfin eru verðtrygð til 10 ára með þremur jöfnum árlegum afborgunum. Sveitarfélögin sem standa að Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum ábyrgjast skuldabréfin með tekjum sínum og eignum í hlutfalli við eignarhluta sem greinast þannig: Reykjanesbær 64,04%, Grindavík 14,52%, Sandgerði 8,19%, Gerðahreppur 7,75% og Vatnsleysustrandarhreppur 5,5%. Heildarstaða langtímalána sambandsins greinist þannig:

	Aðrar langtímaskuldir	
	30.06.2007	30.06.2006
Skuldir í ISK	441.900.428	471.371.646
Næsta árs afborganir langtímaskulda	<u>(61.163.154)</u>	<u>(79.456.050)</u>
Langtímaskuldir í árslok	<u>380.737.274</u>	<u>391.915.596</u>

Skýringar

11. Langtímaskuldir (framhald)

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:

	<u>Aðrar langtímaskuldir</u>
Næsta árs afborganir	61.163.154
Afborganir 1/7 2008 - 30/6 2009	60.547.978
Afborganir 1/7 2009 - 30/6 2010	59.317.627
Afborganir 1/7 2010 - 30/6 2011	40.088.254
Afborganir 1/7 2011 - 30/6 2012	40.088.254
Afborganir síðar	180.695.161
	<u>441.900.428</u>

12. Aðrar peningalegar skuldir

Viðskiptaskuldir

	<u>30.06.2007</u>	<u>31.12.2006</u>
Innlendar viðskiptaskuldir	4.759.688	8.435.472
	<u>4.759.688</u>	<u>8.435.472</u>

Aðrar skammtímaskuldir

	<u>30.06.2007</u>	<u>31.12.2006</u>
Virðisaukaskattur	606.377	783.764
Ógreidd laun og launatengd gjöld	13.293.193	10.017.567
Ógreiddir áfallnir vextir	5.602.573	4.168.415
Ógreiddur fjármagnstekjuskattur	108.013	71.129
	<u>19.610.156</u>	<u>15.040.875</u>

Næsta árs afborganir langtímaskulda

	<u>30.06.2007</u>	<u>31.12.2006</u>
Aðrar langtímaskuldir	61.163.154	79.456.050
	<u>61.163.154</u>	<u>79.456.050</u>

13. Skuldbindingar

Sambandið hefur á undanförunum árum greitt iðgjöld til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins vegna hluta af starfsmönnum sínum og starfsmönnum tengdra fyrirtækja.

Eftirlaunagreiðslur Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins eru miðaðar við fasta fjárhæð frá því þegar fyrsta lífeyrisgreiðslan fer fram en eftir það ber sambandið og fyrirtæki þess ábyrgð á allri hækkun lífeyris. Áfallin skuldbinding vegna lífeyrisréttinda sambandsins og fyrirtækja þess hefur verið metin af tryggingarstærðfræðingi miðað við árslok 2006 og uppreiknuð miðað við launavísitölu fyrir opinbera starfsmenn til lok júní 2007 auk 2% vaxta. Heildarlífeyrisskuldbinding vegna sambandsins, heilbrigðiseftirlits og sorpeyðingarstöðvar er áætluð 191,5 milljónir króna og er hlutur þessara fyrirtækja metinn á 55,7% af þeirri fjárhæð eða 106,6 milljónir króna. Við útreikning hefur verið byggt á tilteknum forsendum um skiptingu ábyrgðar á skuldbindingunni milli lífeyrissjóðsins, ríkissjóðs og fyrirtækjanna. Einnig er byggt á ákveðnum forsendum um launa- og verðlagsbreytingar í framtíðinni. Talsverð óvissa er því um endanlega fjárhæð skuldbindingarinnar sem hefur ekki verið færð í árshlutareikninginn.

Skuldbindinginn skiptist þannig á milli sambandsins og tengdra fyrirtækja í milljónum króna:

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum	26,6
Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja	40,5
Sorpeyðingarstöð Suðurnesja	39,5
	<hr/>
	106,6

14. Starfsmannamál

Frá og með ársbyrjun 1990 hefur sambandið annast allar launagreiðslur fyrir sameiginlega skrifstofu þess og Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja. Laun sambandsins og sorpeyðingarstöðvarinnar eru færð í gegnum sameiginlega launareikninga í bókum SSS og launakostnaður stöðvarinnar síðan skuldfærður í viðskiptareikning hennar, sjá skýringu nr. 3.